

frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og málskostnaðar samkvæmt aukatekjulögum og lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í.

Stefnandi kveður skuld þessa stafa af uppgjöri í sambandi við sölu á hlutafélagi, sem stefndi og stefnendur hafi verið hluthafar í.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. Verður þá, sbr. 118. gr. laga nr. 85/1936, að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.900.00.

Auður Þorbergsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Jóhanni Ólafssyni kaupmanni og Halldóri Ingimarssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Elín B. Jensen, greiði stefnendunum, Ingólfi Fr. Hallgrímssyni og Ingu Jónsdóttur, kr. 20.183.33 með 1% dráttarvöxtum á mánuði og hluta úr mánuði frá 1. janúar 1966 til greiðsludags og kr. 4.900.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 237/1969. **Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h.
þrotabús Friðriks Jörgensens**

gegn

**Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmanna-
eyjum h/f.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Kærumál. Frestur.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 10. nóvember 1969, sem barst Hæstarétti 10. þ. m., hefur sóknaraðili kært úrskurð, sem upp var kveðinn 5. nóvember 1969 á bæjarþingi Reykjavíkur í máli sóknar-aðilja gegn varnaraðilja.

Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um frest þann, sem krafist er. Þá krefst sóknaraðili og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður sóknaraðilja dæmt að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, er ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, greiði varnaraðilja, Fiskimjölswerksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, kr. 5.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 5. nóvember 1969.

Mál þetta var tekið til úrskurðar 3. þ. m. um frestbeiðni stefnda, er kom fram, þegar mál þetta var síðast tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi þann 30. október s.l. Óskaði lögmaður stefnda þá eftir fresti til skila á greinargerð, þar til dómur gengi í hæstaréttarmálinu nr. 189/1969, er koma mun fyrir réttinn miðvikudaginn 7. janúar 1970. Áfrýjunarstefna í því máli er gefin út hinn 23. október s.l., en þar áfrýjar Sveinn Snorrason, hæstaréttarlögmaður í Reykjavík, f. h. Fiskimjölswerksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f samkvæmt heimild í 20. gr., sbr. 36. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands, sbr. 96. gr. skiptalaga nr. 3 12. apríl 1878, og með vísan til dóms Hæstaréttar hinn 26. september 1969 í málinu nr. 117/1969: Fiskimjölswerksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens og Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík, úrskurði eða ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur 5. febrúar 1969 í skiptaréttarmálinu: Þrotabú Friðriks Jörgensens, en niðurstaða úrskurðarins var svohljóðandi: „Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni heimilast því f. h. kröfuhafanna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens

dómsmál til riftunar samningi Friðriks Jörgensens og Fiskimjölsværksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, um sölu á saltfiskbirgðum og að gera í því máli fjárkröfur um greiðslu á andvirði hins selda fisks svo og kröfu um málskostnað úr hendi varnaraðilja“.

Á bæjarþinginu þann 30. október s.l. neitaði lögmaður stefnanda lögmanni stefnda um frekari frest til greinargerðar, og krafðist þá lögmaður stefnda úrskurðar um það atriði. Ákvað þá bæjarþingsdómarinn, að aðiljum gæfist kostur á að tjá sig um ágreiningsefnið, áður en það yrði tekið til úrskurðar, og gerðu þeir það í þinghaldi þann 3. þ. m.

Mál það, sem hér liggur fyrir til úrskurðar, hafa Karl Jónsson útgerðarmaður, Seyðisfirði, og Jón Ingibersson útgerðarmaður, Ytri-Njarðvík, f. h. þrotabús Friðriks Jörgensens, Reykjavík, höfðað hér fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri þann 3. febrúar 1969, gegn Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f til riftunar kaupsamningi um sölu á fiski samkvæmt reglum gjaldþrotaskiptalaga um riftun ráðstafana þrotamanns.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að kaupsamningi Friðriks Jörgensens, Reykjavík, og Fiskimjölsværksmiðjunnar í Vestmannaeyjum h/f, dags. 28. desember 1966, verði rift, að stefnda verði gert að greiða þrotabúinu óskipt kr. 3.998.400.00 auk 12% ársvaxta frá 28. desember 1966 til greiðsludags og að stefnda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Þá áskilur stefnandi sér rétt til hækkunar á stefnukröfum með framhaldsstefnu vegna ákvæða í 3. gr. kaupsamningsins, enda sé stefnandi reiðubúinn til að lækka stefnukröfuna, ef áður nefnt ákvæði leiði til þess.

Tildrögum máls þessa er svo lýst í stefnu, að með kaupsamningi, dagsettum 28. desember 1966, hafi Friðrik Jörgensen, Reykjavík, selt Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski, sem geymdur hafi verið í kæligeymslum Faxafisks h/f í Hafnarfirði. Umsamið kaupverð hafi verið kr. 3.998.400.00, sem þó hefði getað orðið hærra eða lægra eftir því, hvornig varan mundi seljast á erlendum markaði. Þá hafi verið svo um samið, að kaupverð fisksins gengi til að lækka skuld seljanda við stefnda. Þann 14. apríl 1969 hafi bú seljanda verið tekið til gjaldþrotaskipta.

Með stefnu, útgefinni hinn 31. janúar 1968, hafi annar stefnenda, Karl Jónsson, höfðað mál á bæjarþingi Reykjavíkur til

riftunar á fyrrgreindum kaupsamningi. Því máli hafi verið vísað frá héraðsdómi með dómi bæjarþings Reykjavíkur hinn 9. október 1968 og hafi sá dómur verið staðfestur með dómi Hæstaréttar.

Á skiptafundi í þrotabúinu hinn 20. janúar s.l. hafi stefnendum þessa máls, sem báðir séu meðal kröfuhafa í búinu, verið heimiluð málssókn f. h. búins til riftunar framangreindum fisk-sölusamningi og til greiðslu á andvirði fisksins.

Í stefnu segir, að riftunarkrafan byggist á því, að umræddur samningur hafi verið gerður svo skömmu fyrir gjaldþrotið, að í honum felist stórfelld ívilnun til handa einstökum kröfuhafa á kostnað annarra kröfuhafa.

Í greinargerð í málinu rekur lögmaður stefnanda málavexti og málsástæður nánar. Segir þar m. a., að áður nefndur Friðrik Jörgensen hafi rekið umfangsmikla útflutningsverzlun í Reykjavík um nokkurra ára bil, en bú hans hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta hinn 14. apríl 1967, svo sem áður getur. Síðan segir svo orðrétt í greinargerðinni:

„Þegar kröfulýsingarfrestur var liðinn, var ljóst, að lýstar kröfur námu kr. 54.310.862.00, en eignir voru hins vegar tiltölulega litlar í búinu. Þá kom einnig fram, að þrotamaður hafði um áramótin 1966—67 afhent viðskiptafélögum sínum í Vestmannaeyjum mest allar eignir sínar, þar á meðal fiskbirgðir, hlutabréf, skip o. fl., upp í skuldir sínar við þessa aðila. Kom í ljós, að skiptarétturinn átti í fórum sínum samrit þriggja slíkra kaupsamninga. Þessir samningar eru:

1. Kaupsamningur, dags. 28/12 '66, þar sem Friðrik Jörgensen selur Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f 280 smálestir af blautverkuðum, pökkuðum og metnum saltfiski fyrir kr. 3.998.400.00. Samningurinn er undirritaður af Þorsteini Sigurðssyni og Sveini Snorrassyni f. h. kaupanda og af Friðrik Jörgensen sem seljanda.

2. Kaupsamningur, dags. 28/12 '66, þar sem Friðrik Jörgensen selur Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum 110 smál. af þurrverkuðum smáfiski (bútung) fyrir kr. 2.244.000.00. Samningurinn er undirritaður af Þorsteini Sigurðssyni f. h. kaupanda og af Friðrik Jörgensen sem seljanda. Þessi fiskur er geymdur hjá Bæjarútgerð Hafnarfjarðar, sem á í honum haldsrétt vegna vangoldinna verunarlauna að fjárhæð ca. kr. 300.000.00. Kaupendum hefur aðeins tekizt að selja ca. 50 tonn til útflutnings, þar sem þessi fiskur er verkaður fyrir Nígíríumarkað, en sá markaður hefur verið lokaður sökum styrjaldarástands í Nígíríu.

3. Kaupsamningur, dags. 19/1 '67, þar sem Friðrik Jörgensen og eiginkona hans, Þórunn Þorsteinsdóttir, selja Fiskiðjunni (sic) h/f, Ágústi Matthíassyni og Þorsteini Sigurðssyni hlutabréf seljanda í Fiskiðjunni h/f (einn fjórða hluta allra bréfanna) í Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, ($\frac{1}{6}$ eða $\frac{1}{8}$ hluta allra bréfanna), $\frac{1}{3}$ hluta í v/b Sindra, VE 203, og $\frac{1}{3}$ hluta í v/b Marz, VE 204. Kaupverð hinna seldu hlutabréfa og skipshluta var kr. 8.100.000.00, en skv. dskj. nr. 9 virðist nettó verðmæti hafa verið talið ca. 2.6 millj. króna. Engin ákvörðun hefur verið tekin um riftun þessa samnings af hálfu þrotabúsins.

Fram kemur í dskj. nr. 9, að Friðrik Jörgensen hefur boðið Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsverksmiðjunni h/f ýmsar aðrar eignir til afhendingar upp í skuldir sínar við þessa aðila. Er mér ekki kunnugt um, að hve miklu leyti hefur orðið úr þeim viðskiptum. Ég hefi með bréfi til skiptaráðanda, dags. 30/12 '68, krafist þess, að hann léti fara fram réttarrannsókn út af þessu tilboði þrotamanns, en mér er ekki kunnugt um, hvort skiptaráðandi hafi hafist handa um það.

Á skiptafundi í þrotabúinu 12. jan. s.l. voru lesin upp bréf Skúla J. Pálmasonar, hdl., dags. 18/9 '67, og mitt, dags. 11/1 '68, þar sem við gerðum kröfu til, að samningum þeim, sem hér greinir að framan undir 1. og 2. lið, verði rift. Krafðist Skúli riftunar á samningnum við Fiskiðjuna h/f vegna sölu á smáfiskinum (2. liður), en ég krafðist riftunar á saltfisksamningnum við Fiskimjölsverksmiðjuna h/f (1. liður). Ég lýsti því yfir, að umbj. m. væri reiðubúinn að reka riftunarmál gegn Fiskimjölsverksmiðjunni h/f, búinu að skaðlausu, og eftir að Skúli J. Pálmason, hdl., hafði lýst því yfir, að hans umbjóðendur væru ekki viðbúinir að höfða riftunarmál upp á eigin spýtur, tók ég einnig að mér riftunarmálið gegn Fiskiðjunni h/f. Bókað er orðrétt, sjá dskj. nr. :

„Leitað var álits fundarmanna, hvort heimila ætti framangreindar málssóknir búinu að kostnaðarlausu. Mótmæli komu fram frá Sveini Snorrasyni, hrl. Skiptaráðandi ákvað að veita Guðjóni Steingrímssyni, hrl., f. h. Karls Jónssonar heimild til að höfða mál til riftunar á sölusamningi gjaldþrota og Fiskimjölsverksmiðjunnar og Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum, dags. 28. des. 1966, búinu að kostnaðarlausu, enda renni það fé, sem kann að fást við riftunina, inn í búð“.

Á þessum fundi voru mættir eftirtaldir lögmenn: Skúli J. Pálmason, hdl., Gísli Sigurkarlsson, hdl., v/Páls S. Pálssonar,

hrl., Benedikt Sveinsson, hdl., Guðmundur Pétursson, hrl., Sveinn Snorrason, hrl., Guðjón Steingrímsson, hrl., sem einnig mætti vegna Þórhalls Vilhjálmssonar, hrl., og Einar Viðar, hrl.

Aðeins Sveinn Snorrason hreyfði mótmælum gegn því að heimila málssóknirnar, og lít ég svo á, að hinir lögmennirnir hafi verið samþykkir ákvörðun skiptaráðanda um að veita málssóknarumboð. Að vísu bar skiptaráðandi ekki þessar heimildir undir atkvæði fundarmanna formlega, og geri ég ráð fyrir, að honum hafi fundizt það óþarfi, þar sem mótmæli komu aðeins frá Sveini Snorrasyni, lögmanni þeirra kröfuhafa, sem málssóknirnar áttu að beinast gegn“.

Í framhaldi af þessu segir lögmaður stefnanda í greinargerð sinni, að hann líti svo á, að áðurnefndir lögmenn hafi samþykkt málssóknirnar fyrir hönd umbjóðenda sinna, og þegar litið sé á lýstar kröfur í búið, sjáist, að þessir lögmenn hafi haft á bak við sig mjög verulegan hluta kröfuhafa í búinu annarra en Sveins Snorrasonar. Samkvæmt dskj. nr. 5 séu kröfur umbjóðenda þeirra samtals að fjárhæð kr. 26.575.696.02. Kröfufjárhæðin sé þó raunar hærri, þar sem kröfur erlendra kröfuhafa, sem þarna séu meðtaldir, þ. e. Chemical & Feeds og L. Wünsche & Co., hafi hækkað síðan um ca. 3.6 milljónir vegna gengisbreytingar í nóvember árið 1967. Síðan segir orðrétt í greinargerðinni svo:

„Sveinn Snorrason, hrl., hefur lýst verulegum fjárhæðum í búið, eða alls kr. 26.510.301.29, þannig:

v/Fiskiðjunnar h/f	kr. 6.144.398.72
v/Þorsteins Sigurðssonar	— 350.000.00
v/Fiskimjölverksmiðjunnar h/f	— 19.758.872.57
v/Lifrarsamlags Vestmannaeyja	— 257.036.00

Kr. 26.510.301.29

Eins og sjá má, eru umbjóðendur Sveins einmitt þeir aðilar, sem málshöfðanirnar beindust að (nema Lifrarsaml. Vestmannaeyja). Þar af leiðandi var hann ekki atkvæðisbær f. h. þessara aðila. Hann heldur því að vísu fram, að hann hafi atkvæðisrétt f. h. Fiskiðjunnar h/f varðandi málssókn á hendur Fiskimjölverksmiðjunni h/f og f. h. Fiskimjölverksmiðjunnar h/f varðandi málssókn gegn Fiskiðjunni h/f. Ég held því hins vegar fram, að hann hafi engan atkvæðisrétt, þar sem hagsmunir þessara aðila séu svo samofnir. Þannig eru báðir kaupsamningarnir

gerðir sama dag og af sömu mönnum með aðstoð sama lögmanns, sem vann að samningsgerðum þáðum á sama tíma, sbr. t. d. dskj. nr. 8 og 9. Þá eru sömu menn í stjórn beggja félaganna. Enn fremur er ljóst, að sömu ástæður geta leitt til riftunar samninganna, sérstaklega ef ákvæði 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga leiða til riftunar.

Þegar á allt þetta er litið, taldi ég umbj. m. hafa verið veitt fullt og ótakmarkað umboð búsins til að höfða umrædd riftunarmál.

Þegar eftir að skiptafundinum þann 12. jan. '68 var lokið, tjáði ég Sveini Snorrasyni, hrl., að ég myndi byrja á riftunarmálunum næstu daga og senda honum stefnur til uppáskriftar. Hafði hann ekkert við það að athuga. Ég gaf stefnurnar út 22. jan. til þingfestingar á bæjarþingi Reykjavíkur þann 1. febr. '68 og sendi þær síðan honum til baka. Hins vegar ritaði hann skiptaráðanda bréf, dags. 25/1 '68, þar sem hann ítrekar mótmæli sín gegn málssóknum og kemur með nokkrar nýjar ástæður fyrir þessum mótmælum. Þetta bréf var lagt fram á skiptafundi 26. jan. '68, en á þeim fundi var engin ákvörðun tekin um að draga úr umboðum mínum. Skiptaráðandi hringdi til mín eftir fundinn, eins og hann lýsir í dskj. nr. 17. Var þá ljóst orðið, að Sveinn Snorrason myndi ekki skrifa upp á stefnurnar. Ég sagði skiptaráðanda, að ég myndi verða við óskum hans að fella úr stefnunum orðin „f. h. þrotabús Friðriks Jörgensen“, enda teldi ég þau ekki skipta neinu máli, þar sem ég teldi mig hafa umboð búsins allt að einu. Hins vegar tjáði ég skiptaráðanda, að riftunarmálin myndu byggjast á því að fá varnaraðila dæmda til að skila búinu þeim fiski, sem þeir hefðu keypt af þrotamanni, eða andvirði hans, að svo miklu leyti sem þeir hefðu þegar selt hann til útlanda. Aðrar dómkröfur væru tilgangslaugar og til þess gerðar að stofna til langvarandi málaferla. Ef aðeins væri fenginn dómur fyrir heimild til riftunar í þessu máli, þyrfti e. t. v. nýja málssókn til að fá aðfararhæfan dóm til afhendingar á fiski eða til greiðslu andvirðis hans. Ég teldi, að slíkur málarekstur yrði sízt til að flýta fyrir skiptum búsins, og auk þess væru slíkar kröfur vart dómhæfar réttarfarslega séð. Ég sagði skiptaráðanda að lokum, að ég myndi halda áfram með málin, eins og ekkert hefði í skorizt. Gaf ég síðan út nýjar stefnur, dags. 31. jan. til þingfestingar 15. febr. Þessar stefnur voru birtar af stefnuvottum.

Þann 16. maí '68 fór fram málflutningur um frávísunarkröfur

stefndu, en síðan var málið endurupptekið þann 27. maí og aðilum gefinn kostur á að afla skýrra gagna um það, hvort protabúið væri samþykkt málssókninni, eins og hún lægi fyrir.

Á skiptafundi 19. sept. '68 var samþykkt tillaga Guðmundar Péturssonar um, „að málshöfðanda, Karli Jónssyni, yrði veitt heimild til þess að halda áfram riftunarmálunum, sem þegar hafa verið höfðuð, og gera í þeim kröfur, bæði um riftun samninga og ákveðnar fjárkröfur á hendur varnaraðilum um skil á hinum umsömdu verðmætum eða andvirði þeirra á hendur protabúinu“.

Þann 20. sept. s.l. voru málin enn sótt og varin um frávísunarkröfur stefndu. Dómar voru uppkveðnir 9. okt. s.l., og urðu niðurstöður þær sömu í báðum málunum, að þeim var vísað frá dómi, þar sem vafi þótti leika á því, hvort búið vildi vera aðili að málunum. Frávísunardómarnir voru kærðir til Hæstaréttar í samráði við skiptaráðanda, en Hæstiréttur staðfesti dóma bæjarþingsins þann 28/11 s.l.

Eftir að dómar Hæstaréttar voru fallnir, gerði ég þegar kröfu til, að boðað yrði til nýs skiptafundar, þar sem tekin yrði ákvörðun um áframhaldandi málshöfðanir. Boðaði skiptaráðandi til nýs fundar með auglýsingu í Lögbirtingablaði 10. des. s.l., sbr. dskj. nr. . Var sá fundur haldinn 17. des. Tillaga mín, sem ég lagði þá fram um framhald málssóknar gegn Fiskiðjunni h/f og Fiskimjölsværðsmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, var ekki tekin til atkvæðagreiðslu á þeim fundi, en fundi frestað til 27. des. Engin endanleg ákvörðun var tekin á þeim fundi, en fundi frestað til 20. jan. s.l. Á þeim fundi féll ég frá kröfu minni um málssókn gegn Fiskiðjunni h/f, þar sem ég féllst á, að vafasamt væri, hvort búið hefði nokkurn hag af að rifta kaupsamningi protabúsins við það félag, þar sem bítungurinn, sem sá samningur fjallar um, væri óseldur og e. t. v. óseljanlegur.

Hins vegar var nú tillaga mín um málshöfðun á hendur stefndu í þessu máli borin upp svohljóðandi: „Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni, hrl., vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd protabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsværðsmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. des. 1966, og gera í því máli kröfu um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verði búinu að kostnaðarlausu að því leyti, að Guðjóni Steingrímssyni, hrl., beri aðeins málflutningslaun, reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.“

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig“.

Með tillögu þessari greiddu atkvæði umboðsmenn kröfuhafa, sem hafa bak við sig um 20 millj. króna í lýstum kröfum, og er því enginn vafi á, að tillagan hafi hlotið löglegt samþykki. Skiptaráðandi tók sér frest til að taka afstöðu til tillögunnar og atkvæðagreiðslunnar. Hann hefur þann 5. þ. m. tekið þá ákvörðun að telja tillöguna samþykkt, sbr. dskj. nr. 12.

Friðrik Jørgensen hafði í nokkur ár rekið mjög umfangsmikla útflutningsverzlun, þegar hann var úrskurðaður gjaldþrota. Var hér einkum um að ræða verzlun með fiskafurðir í umboðssölu fyrir fjölmarga framleiðendur, þar á meðal fyrir stefndu í þessu máli. Seint um haustið 1966 vaknaði sá grunur, að Friðrik Jørgensen stæði ekki lengur í skilum með yfirfærslu kaupverðs afurða frá erlendum kaupendum til framleiðenda, þar á meðal stefndu. Lét Útvegsbankinn, sem var viðskiptabanki Friðriks, fara fram rannsókn á bankaviðskiptum hans, og kom þá verulegt misferli í ljós og stórfelldur fjádráttur gagnvart framleiðendum, þar á meðal stefndu. Var þá ljóst, að ólíklegt væri, að Friðrik gæti staðið í skilum við framleiðendur, þar á meðal við stefndu, sem hann skuldaði þá yfir 25 millj. króna.

Forráðamenn stefndu, sem einnig reka Fiskiðjuna h/f í Vestmannaeyjum, sem Friðrik skuldaði á þeim tíma rúmar 6 millj. króna, hófust handa í des. '66 að fá Friðrik til að afhenda sér eignir sínar upp í inneignir þeirra án þess að skeyta um, hvort nokkuð yrði afgangs handa öðrum skuldheimtumönnum hans, en þeim var þó fullkunnugt um, að þessar skuldir væru stórfelldar. Þannig vissu þeir t. d. fullvel, að hann hafði svikið brezka firmað Chemicals & Feeds Ltd. um andvirði heils farms af síldarlýsi, £ 83.319-7-1, en lýsið var einmitt framleitt í verksmiðju stefndu í Vestmannaeyjum.

Samband þessara manna við Friðrik hafði verið mjög náið mörg ár, enda var hann hluthafi í fyrirtækjum þeirra, þar á meðal í hinu stefnda félagi, og jafnvel í stjórn þeirra og procuru-hafi Fiskiðjunnar h/f. Má telja víst, að þeir hafi betur en aðrir verið kunnugir hans högum og vitað, þegar hér var komið, að stórlega skorti á, að Friðrik ætti fyrir skuldum. Í þessu sambandi vísa ég til bréfs Friðriks, dags. 19/1 '67, dskj. nr. , þar sem Friðrik staðfestir það, sem hann hafði áður sagt stefndu, að hann bjóði þeim ýmsar eignir sínar, alls að verðmæti ca. kr.

22.6 milljónir, sem greiðslu eða tryggingu fyrir greiðslu. Má telja tvímælalaust, að stefndu hafi verið ljóst, að hér voru eignir Friðriks taldar upp tæmandi, og ýktar þó. Þegar bréf þetta er ritað, höfðu þá þegar verið gerðir 3 kaupsamningar til afhendingar á hluta af þeim verðmætum, sem þar eru talin, og má því gera ráð fyrir, að tilboð þetta hafi legið fyrir, áður en þær samningsgerðir hófust. Var stefndu að sjálfsögðu ljóst, að þessar eignir hrukku hvergi nærri fyrir skuldum Friðriks við þá, enda hófust þeir handa þann 27. jan. '67 um að leggja löghald á aðrar eignir hans.

Því er haldið fram, að stefndu hafi verið kunnugt, þegar umræddur samningur var gerður, að Friðrik hafi ekki átt fyrir skuldum og að með gerð hans hafi þeim verið ívilnað á kostnað annarra skuldheimtumanna á saknæman hátt. Sé því samningurinn riftanlegur skv. 23. gr. gjaldþrotaskiptalaga.

Riftunarkrafan er þó aðallega byggð á 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga, en þar segir, að „hafi þrotamaður á síðustu 6 mánuðum, áður en hann varð gjaldþrota, greitt skuld, hvort sem hún var fallin í gjaldaga eða eigi, með því að láta af hendi við lánardrottin fasteign, skip eða aðra þá muni, er telja verður óvanalegan gjaldeyri, eftir öllum ástæðum, eða hefur greitt skuld, er eigi var fallin í gjalddaga, þó með vanalegum gjaldeyri sé greitt, þá getur búið rift greiðslunni og krafizt þess, að lánardrottinn skili aftur því, sem hann hefur fengið, eða andvirði þess“.

Ég tel að skilyrði til riftunar umgetnum fiskisölusamningi séu fyrir hendi skv. 19. gr. gjaldþrotaskiptalaga. Þannig er ljóst, að samningur er gerður á síðustu 6 mánuðum, áður en skiptin byrjuðu. Samningurinn er gerður 28/12 '66, en skiptin byrjuðu 14/4 '67, eða aðeins 3 mánuðum og 16 dögum síðar. Enn fremur er ljóst, að saltfiskur sá, sem seldur var, er „óvenjulegur gjaldeyrir“ í merkingu laganna. Fyrirtæki stefndu rekur síldar- og fiskimjölsverksmiðju, og annaðist þrotamaður sölu á afurðum hennar, lýsi og mjöli. Ekki er kunnugt um, að fyrirtækið verkaði saltfisk eða annaðist útflutning á saltfiski fyrir aðra. Þrotamaður stundaði hins vegar útflutningsverzlun með fiskafurðir, og þar á meðal annaðist hann allan útflutning fyrir stefndu, enda var skuld hans við stefndu þannig til komin, að hann gat ekki staðið í skilum með greiðslu á andvirði hinna seldu afurða. Þrotamanni bar að sjálfsögðu að greiða andvirði í peningum, enda hafði það jafnan verið venjan í viðskiptum þeirra, að þrotamaður greiddi andvirðið inn á sérstakan „lokaðan reikning“ í Útvegsbanka Ís-

lands. Greiðsla upp í skuld þessa með saltfiski er því riftanleg, þar sem saltfiskur er í þessu sambandi „óvenjulegur gjaldeyrir“.

Þegar þessi greinargerð er rituð, liggur ekki ljóst fyrir, hversu hátt verð fékkst fyrir hin umræddu 280 tonn af saltfiski, sem mál þetta snýst um. Stefndu hafa ekki lagt fram nein gögn, sem sýna það nákvæmlega, þrátt fyrir áskoranir í þá átt. Málið er því höfðað til greiðslu á kr. 3.998.400.00, en réttur er áskilinn til höfðunar framhaldssakar, þegar þessar upplýsingar eru fyrir hendi“.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur þann 13. febrúar s.l. Fékk þá lögmaður stefnda með samþykki lögmanns stefnanda frest til greinargerðar, fyrst til 27. febrúar og aftur til 13. marz s. á. Er málið var þá tekið fyrir á hinu reglulega bæjarþingi, lagði umboðsaður stefnda fram afrit af kæru til Hæstaréttar (dskj. nr. 17). Hefur þá bæjarþingsdómarinn bókað eftirfarandi í þingbók: „Umboðsmaður stefnda fór fram á að fá greinargerðarfrest í hálfan mánuð, en umboðsmaður stefnanda harðneitaði að veita frestinn og krafðist úrskurðar um ágreiningsatriðið.“

Þar eð umboðsmaður stefnda lagði fram í dag kæru til Hæstaréttar, þar sem kærður er úrskurður skiptaréttar frá 5. febrúar 1969 um heimild handa Guðjóni Steingrímssyni til höfðunar riftunarmáls á hendur Fiskimjölsværksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, f. h. Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar, þá ákvað dómarinn með heimild í 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta málinu ex officio um óákveðinn tíma, þar eð úrskurður kærumálsins hefði verulega þýðingu fyrir úrslit framangreinds máls“.

Samkvæmt þessu var málinu frestað um óákveðinn tíma.

Hinn 26. september s.l. gekk hæstaréttardómur í áðurnefndu kærumáli, þar sem því var vísað frá Hæstarétti. Bæjarþinginu barst síðan bréf, dagsett 3. október 1969, frá Guðjóni Steingrímssyni hæstaréttarlögmanni, lögmanni stefnanda þessa máls, þar sem hann óskar eftir því, að ákveðinn verði tími til fyrirtektar málsins. Málið var tekið fyrir hinn 23. október á reglulegu bæjarþingi, og lagði þá lögmaður stefnanda fram áðurnefnt bréf svo og afrit dóms Hæstaréttar í áðurnefndu kærumáli (dskj. nr. 18 og 19). Fékk þá lögmaður stefnda með samþykki lögmanns stefnanda frest til skila á greinargerð til 30. október s.l. Er málið var tekið fyrir á reglulegu bæjarþingi þann dag, óskaði lögmaður stefnda enn eftir frekari fresti, en lögmaður stefnanda neitaði,

svo sem áður hefur verið rakið. Svo sem einnig er áður getið, gaf dómariinn lögmonnum kost á að tjá sig munnlega um ágreiningsefni þetta, áður en úrskurður yrði á það lagður.

Lögmaður stefnda ítrekaði kröfu sína, er hann gerði á reglulegu bæjarþingi þann 30. október s.l. Þess efnis, að honum yrði veittur frestur til skila á greinargerð, þar til fyrir lægi niðurstaða Hæstaréttar í hæstaréttarmálinu nr. 189/1969, en þess máls hefur verið getið hér að framan. Lögmaður stefnda sagði, að áfrýjun þessi væri nauðsynleg til þess að fá hnekkt ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur frá 5. febrúar 1969 um umboð til handa stefnendum þessa máls til höfðunar þess fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Sagðist lögmaðurinn telja, að þeir gallar væru á afgreiðslu skiptaréttarmálsins, að frávísun þessa máls hér fyrir dómi mundi varða, en þar sem hér væri um hliðsetta dómstóla að ræða, teldi hann naumast, að þessi dómur væri bær um að fjalla um það ágreiningsefni, og hefði hann því áfrýjað ákvörðun skiptaréttarins til Hæstaréttar. Frávísunarkrafa í því máli, sem hér lægi fyrir dómi, byggðist hins vegar að sjálfsögðu á niðurstöðu Hæstaréttar í áðurnefndu áfrýjunarmáli.

Lögmaður stefnanda ítrekaði þá dómkröfu sína, að synjað yrði um umboðinn frest. Sagði lögmaðurinn, að svo virtist, að hér væri einungis um að ræða tilraun til þess að fá máli þessu frestað óeðlilega lengi, því að lögmanni stefnda væri í lófa lagið að koma fram með frávísunarkröfu hér fyrir dómi, en sá háttur væri miklu fljótvirkari en sá, sem lögmaður stefnda hefði haft á. En jafnvel þótt lögmaður stefnda hefði áfrýjað ákvörðun skiptaréttar um málshöfðunarheimild stefnanda þessa máls, væri ekkert því til fyrirstöðu, að hann skilaði greinargerð í máli þessu, svo sem lög stæðu til. Sagði lögmaðurinn, að það væri andstætt öllum lögum, að frekari frestur til greinargerðar yrði veittur í máli þessu.

Þegar virtir eru málavextir, svo sem þeir hafa nú verið raktir í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir dómi, þykir rétt með hliðsjón af 2. mgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að taka til greina kröfu stefnda um frest til skila á greinargerð, þar til úrslit hæstaréttarmálsins nr. 189/1969 liggja fyrir.

Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.

Björn Þ. Guðmundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Hinn umbeðni frestur er veittur. Ákvörðun málskostnaðar bíður endanlegs dóms í málinu.

Miðvikudaginn 17. desember 1969.

Nr. 238/1969. **Pétur Pétursson**
 gegn
Elisabeth Clausen.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Vitni.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í 21. gr. laga nr. 57/1962 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 21. október 1969, er hingað barst 10. desember 1969. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og varnaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Pétur Pétursson, greiði varnaraðilja, Elisabeth Clausen, kærumálskostnað, kr. 5.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.